

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Hildi Sverrisdóttur um sjóði á vegum ráðuneytisins og stofnana þess.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða sjóði starfrækja ráðuneytið og stofnanir þess?
2. Hver fer með umsýslu hvers sjóðs?
3. Hvaða lög og reglur gilda um útteilingu fjármuna úr hverjum sjóði?
4. Hvað kostaði að starfrækja hvern sjóð árið 2022?
5. Hver var kostnaðurinn við að starfrækja hvern sjóð í hlutfalli við þá fjármuni sem var úthlutað úr sjóðnum árið 2022?

Hvorki ráðuneytið né stofnanir þess starfrækja sjóði og því engin umsýsla eða kostnaður í kringum slíkt.